

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 350, 25. júní 1996, um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Við 1. málsgrein bætist nýr málslíður er orðist svo: Þá er þeim aðilum sem stunda neta-
veiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu,
sem lifandi er í netum þegar þau eru dregin.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um
umgengni um nytjastofna sjávar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim
sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.